

Atvinnuástandið í júlí

Í júlí voru að meðaltali 1.578 manns skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun. Þetta svarar til 0,9% atvinnuleysis og hefur það ekki mælst minna síðan í október 2000. Laus störf hjá vinnumiðlunum í lok júlí voru 502 eða um 53 færri en á sama tíma í fyrra. Alla jafnan helst atvinnuástand gott framan af hausti því eru atvinnuhorfur enn góðar.

Að sögn Vinnumálastofnunar skýrist minnkandi atvinnuleysi milli mánaða einkum af því að atvinnulausum konum á landsbyggðinni hefur fækkað töluvert, en atvinnuleysi annarra stendur að mestu í stað.


Sé rýnt í þróunina síðustu 12 mánuði sést að atvinnulausum hefur fækkað úr 2.184 í 1.578 eða um 606 manns. Þeim fækkaði í öllum landshlutum nema á Suðurnesjum (fjölgun um 36) og Vestfjörðum (óbreytt staða).

Atvinnuástandið virðist vera einna verst á Suðurnesjum. Þar voru 212 manns á atvinnuleysisrá í júlí s.l., 72 karlar og 140 konur. Þetta svarar til um 2,1% staðbundins atvinnuleysis.

Alls var tilkynnt um 498 nýja erlenda starfsmenn til Vinnumálastofnunar eða 198 fleiri en á sama tíma í fyrra.

Skráð atvinnuleysi, júlí 2006 - júlí 2007

Heimild: Vinnumálastofnun



Meðalfjöldi atvinnulausra í júlí 2007

| | Meðaltal | | 1 mán. breyting | | 12 mán. breyting | |
|-------------------------|----------|--------|-----------------|--------|------------------|--|
| | Hlutfall | Fiöldi | Fiöldi | Fiöldi | | |
| Landið allt | 0,9% | 1.578 | -53 | -606 | | |
| Höfuðborgarsvæðið | 0,9% | 931 | -36 | -512 | | |
| Landsbyggðin | 1,0% | 647 | -17 | -94 | | |
| Vesturland | 0,6% | 46 | -4 | -5 | | |
| Vestfirðir | 1,1% | 46 | 24 | 0 | | |
| Norðurland vestra | 0,3% | 10 | 0 | -7 | | |
| Norðurland eystra | 1,5% | 235 | -3 | -90 | | |
| Austurland | 0,2% | 18 | 0 | -4 | | |
| Suðurland | 0,6% | 80 | -17 | -24 | | |
| Suðurnes | 2,1% | 212 | -17 | 36 | | |
| Karlar | 0,7% | 642 | -25 | -209 | | |
| Konur | 1,3% | 936 | -28 | -397 | | |
| Erlendir ríkisborgarar* | 0,7% | 110 | -1 | 11 | | |
| 16-24 ára* | | 248 | -64 | -168 | | |
| 55 ára og eldri* | | 453 | 10 | -126 | | |

*Áætlun miðað við lok mánaðar. Heimild: Vinnumálastofnun

Aðrar vísbendingar

/Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands:

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var fjöldi á vinnumarkaði 185.000 manns á öðrum ársfjórðungi 2007 og fjölgaði um 6.300 milli ára. Þetta jafngildir því að atvinnuþátttaka hafi verið 85%.

Fjöldi þeirra sem var á vinnumarkaði en hafði ekki starf var 5.800 manns á öðrum ársfjórðungi 2007 og fækkaði um 1.400 milli ára. Þetta jafngildir því að atvinnuleysi hafi verið 3,2%.

Atvinnuleysi var heldur meira meðal karla og kvenna. Það var aftur á móti mjög misjafnt eftir aldurshópum og langhæst í aldurshópnum 16-24 ára eða 10,2%.

Atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands mælist nú heldur hærra en skráð atvinnuleysi samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar (sjá útskýringar í rammagrein).

Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á öðrum ársfjórðungi 2004-2007

| | | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|-----------------|-----------------|---------|---------|---------|---------|
| Vinnuafli | Áætlaður fjöldi | 164.600 | 168.900 | 178.700 | 185.000 |
| Starfandi | Áætlaður fjöldi | 158.000 | 163.800 | 171.600 | 179.100 |
| Atvinnulausir | Áætlaður fjöldi | 6.600 | 5.000 | 7.200 | 5.800 |
| Atvinnuþátttaka | Hlutfallstölur | 83 | 84 | 85 | 85 |
| Atvinnuleysi | Hlutfallstölur | 4,0 | 3,0 | 4,0 | 3,2 |
| Karlar | Hlutfallstölur | 5,2 | 2,8 | 3,9 | 3,4 |
| Konur | Hlutfallstölur | 2,7 | 3,2 | 4,1 | 2,8 |
| 16-24 | Hlutfallstölur | 11,9 | 8,5 | 12,7 | 10,2 |
| 25-54 | Hlutfallstölur | 2,0 | 1,7 | 2,1 | 1,7 |
| 55-74 | Hlutfallstölur | 3,7 | 2,0 | 1,7 | 1,3 |
| Vinnutími | Klukkustundir | 46,5 | 47,2 | 46,1 | 46,6 |

Heimild: Hagstofa Íslands

Rammagrein: Mat á atvinnuleysi

Í hefðbundinni atvinnuskiptingu þjóðarinnar er hópnun „mannfjölda á aldrinum 16-74“ ára skipt upp í hópana „vinnuafli“ og „utan vinnuafli“. Vinnuafli er svo atur skipt í hópana „starfandi“ (þ.e. þá sem eru í vinnu) og „atvinnulausa“ (þ.e. þá sem vilja og geta unnið en hafa ekki enn fengið vinnu). Hlutfall vinnuafli af mannfjölda á aldrinum 16-74 ára er kallað „atvinnuþátttaka“ en hlutfall atvinnulausra af vinnuafli er kallað „atvinnuleysi“.

Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands safna upplýsingum um atvinnuástandið. Tölur Vinnumálastofnunar um fjölda atvinnulausra miðast við þá sem skráð hafa sig hjá stofnuninni og sótt um atvinnuleysisbætur; tölur Hagstofunnar miðast við könnun þar sem fólk er talið atvinnulaust ef það segist vilja og geta unnið en hefur ekki enn fengið vinnu.

Þar sem aðferðafræði stofnananna tveggja við mat á atvinnuleysi er ekki sú sama er ekki við því að búast að tölum frá þeim beri fullkomlega saman. Þó má ætla að hærrí atvinnuleysistölug Hagstofunnar en Vinnumálastofnunar sé vísbending um að talsverður hluti atvinnulausra hafi annað hvort ekki rétt til atvinnuleysisbóta eða kjósi að skrá sig ekki á atvinnuleysisráði.